

22. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum 1—200 kr. og renna sektir í sjóð áveitufjelagsins.

117
15. des.

23. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er gjörð og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. desember 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglur

um

hlutafjelagaskrár og samvinnufjelaga.

118
27. des.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi landins skal vera ská yfir hlutafjelög og samvinnufjelög. Hún skiftist í 2 deildir: A-deild og B-deild. Í A-deild skal skrá hlutafjelög og í B-deild samvinnufjelög. Atvinnumálaráðherra lögildir skrárnar, en lögreglustjóri heldur þær (sbr. lög um samvinnufjelög nr. 36, 27. Júní 1921, 10. gr. og lög um hlutafjelög nr. 77 s. d. 11. gr.).

2. gr.

Hverja skrá skal merkja með rómverskri tölu (I. II. III. o. s. frv.) og taka til notkunar eftir því sem hver þeirra verður útskrifuð. Skal tölusetja hverja opnu í hverri skrá á blaðsíðunni til vinstri handar ofanmáls, og í áframhaldandi sömu röð fyrir báðar deildir. Skrá hefir t. d. 100 opnur. Þar af tekur A-deild yfir 50 opnur og B-deild yfir aðrar 50.

Hvert fjelag skal hafa sína opnu í skránni. Nafn fjelagsins skal skrá á blaðsíðuna til vinstri handar ofanmáls. Á tilsvareandi stað á blaðsíðunni til hægri handar skal þess geta, í hvaða hreppi fjelagið hefir lögheimili, ef lögsagnarumdæmið er ekki kaupstaður. Um útibú sjá 4. gr.

Nú þrýtur opnu, og skal þá flytja fjelagið á aðra opnu í sömu skrá, meðan til vinst, en síðan í aðra skrá. Þegar fjelag er þannig flutt, þá skal geta þess neðanmáls á þeirri opnu, sem fjelagið er flutt frá, á hvaða opnu það er flutt, ef það er flutt á aðra

118 opnu í sömu skrá, en í hvaða skrá og á hvaða opnu í henni, ef fjelag er flutt úr einni skrá
27. des. í aðra. Ennfremur skal geta þess efst til vinstri handar á þeirri opnu, sem fjelag er flutt
til, hvaðan (af hvaða opnu, og ef flutt er úr einni skrá í aðra úr hvaða skrá) það er flutt.

Registur, sameiginlegt fyrir báðar deildir, skal halda í hverju lögsagnarumdæmi yfir
öll fjelög skrásett þar. Skal rita fjelögin í það eftir stafrófsröð, t. d. »Kveldúlfur h. f.« og
»Kaupfjlag Þingeyinga« í »K«, »Þorsteinn Einarson & Co.« í »P«, Samband íslenskra sam-
vinnufjalaga« í »S« o. s. frv. Skal þar vísa til þeirrar skrár og opnu, þar sem fjelagið
er skráð.

Dæmi: H. f. Kveldúlfur er fyrst skráð í skrá I. á 4. opnu, síðan flutt á 136. opnu
í sömu skrá og loks á 139. opnu í skrá III. Þá segir neðanmáls á 4. opnu í skrá I: »Flutt
til 136. opnu«, í 136. opnu segir ofanmáls: »Flutt frá 4. opnu«, og neðanmáls: »Flutt til
III. 139. opnu«. Þar segir loks ofanmáls: Flutt frá I. 136. opnu. Í registrinu stendur:
»Kveldúlfur h. f. I. 4, 136, III. 139«.

3. gr.

Tilkynningar skal skrásetja jafnskjótt, sem þær koma á skrifstofu lögreglustjóra og
í þeirri röð sem þær berast að í, enda skal tölusetja þær eftir þeirri röð, t. d. ^{2/1922} (= 2. til-
kynning á árinu 1922).

Rita skal á hverja tilkynningu:

1. Hvenær henni var veitt viðtaka á skrifstofu lögreglustjóra (ártal, dagur, klukku-
stund).
2. Hvar hún hefir verið skráð, t. d. í I. 8 (=skrá I. 8. opnu).
3. Tölu hennar, sbr. I. málsgr.

Tilkynningar allar ásamt fylgiskjölum skal geyma vandlega í skjalasafni lögreglu-
stjóra, svo að auðvelt sje að afla sjer vitneskju úr þeim um fjelög um óskráð atriði, og
sannprófa, hvenær sem þörf gerlist, hvort rjett hafi verið ritað í skrárnar samkvæmt til-
kynningu.

Nú er fjelagi slitið, og skal þá afhenda tilkynningar og fylgiskjöl á Þjóðskjalasafnið
þegar ár er liðið frá fjelagsslitum.

4. gr.

Útibúa allra, hvort sem þau eru í sama lögsagnarumdæmi sem fjelagið sjálft eða ekki,
skal geta, svo og í hvaða hreppi þau eru, ofanmáls í opnu fjelagsins til hægri handar.

Ef útibú er stofnað samtíms og með heimili í sama lögsagnarumdæmi sem fjelagið
sjálft, þá er það tilkynt og skráð ásamt fjelaginu, enda er þá ekki tekið sjerstakt gjald fyrir
skrásetningu útibúsins, heldur einungis fyrir skrásetningu fjelagsins. En ef útibú er síðar sett
í sama lögsagnarumdæmi, sem fjelagið hefir áður verið skrásett í, þá skal tilkynna þar úti-
búið og taka lögmælt gjald fyrir skrásetningu útibúsins.

Ef útibú er sett í lögsagnarumdæmi, þar sem fjelag hefir ekki verið áður skráð, þá
skal tilkynna fjelagið þar og skrásetja, ásamt útibúi, og taka gjald sem í 1. málsl. 2. málsgr.
segir. Ef fleiri útibú eru þar síðar sett, fer eftir 2. málsl. sömu málsgr. Breytingar á því,
sem tilkynt hefir verið, skal og tilkynna og skrásetja í lögsagnarumdæmi, þar sem útibúið er
(sbr. svfl. 12. og 13. gr. sbr. 41. gr. og hfl. 13. og 14. gr. sbr. 60. gr.).

5. gr.

Ef fjelag á helmilli víðar en í einum hreppi í sama lögsagnarumdæmi, skal geta þess

ofanmáls til hægri handar í opnu þess í skránni, t. d. heimili bæði í Keflavíkurbæði og Garðahreppi. **118**
27. des.

Nú á fjelag heimilisfang í fleirum lögsagnarumdæmum, og skal þá tilkynna það og skrá í þeim báðum (öllum), enda skal taka fult gjald fyrir skráninguna á báðum (öllum) stöðum. Í hverju lögsagnarumdæmi skal geta þess í athugasemd, að fjelagið hafi, og hvar það hafi, víðar heimili.

Ef fjelag (útibú) skiftir um heimilisfang innan sama lögsagnarumdæmis, þá þarf ekki að tilkynna það, en geta skal þess í athugasemd í opnu fjelagsins (útibúsins), þegar lögreglustjóri hefir fengið vitneskju um breytinguna.

Nú flytst fjelag í annað lögsagnarumdæmi, þá skal geta þess ofanmáls í opnu fjelagsins, er það hefir síðasta fengið þar í skrá, til vinstri handar, eins og fjelagsslita, enda skal þá skrá fjelagið ásamt öllu, sem áður hefir verið um það skráð, fyrir lögmælt gjald í lögsagnarumdæmi, þar sem það hefir tekið sjer heimilisfang, og þar skulu tilkynningar og öll fylgiskjöl með þeim geymð (sbr. svfl. 13. gr. og hfl. 14. gr.).

6. gr.

Tilkynna skal til skrásetningar breytingar á samþykktum fjelags og öðru, sem tilkynt hefir verið, t. d. breytingar á stjórn fjelags, hvernig undirskriftum sje hagað o. s. frv. Ennfremur þarf að tilkynna og skrá viðauka við það, sem fyrr hefir verið tilkynt, ef viðaukinn er einhvers þess efnis, sem tilkynna hefði átt, ef svo hefði verið ástatt í upphafi, t. d. stofnun útibús, prókúru-umboð. Sönnun skal fylgja fyrir lögmæti breytingar eða viðauka, svo sem eftirrit úr gerðabók aðalfundar eða stjórnar fjelags eftir því sem á stendur (sbr. svfl. 13. gr. og hfl. 14. gr.).

II. Sjerákvæði um hlutafjelög.

7. gr.

Öll fjelög, sem lög um hlutafjelög nr. 77, 27. júní 1921, taka yfir, skal tilkynna og skrá. Því skal skrásetja:

1. Öll innlend hlutafjelög.

a. Ef fjelagið er stofnað fyrir 1. jan. 1922, þá skal tilkynna það til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922, einnig í öðru lögsagnarumdæmi þar, sem útibú þess er.

b. Fjelög stofnuð eftir 1. jan. 1922 skal tilkynna til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það hefir verið löglega stofnað (hfl. 10. og 59. gr.).

2. Erlend fjelög, sem starfa hjer fyrir 1. jan. 1922 og ætla að halda áfram starfsemi hjer, skulu tilkynna sig til skrásetningar sem í 1. a. segir. Önnur erlend fjelög verða að gera það áður en þau taka hjer til starfa (hfl. 46. og 59. gr.).

8. gr.

Hlutafjelög skal skrásetja samkvæmt sýnishorninu af A-deild fjelagaskrárinnar.

Hver opna í A-deild skrárinnar er í 22 dálkum. Um hvern þeirra athugast hjer að því er þörf þykir:

Í 1. dálk skal setja skrásetningardag tilkynningar, því að á þeim degi veltur það, hvenær fjelag má byrja starfsemi sína, heimild til að gefa út hlutabréf og vinning rjettinda á hendur öðrum mönnum (sbr. hfl. 10., 22., 46. og 59. gr.). Í þessum dálki skal og standa birtingardagur tilkynningar í Lögbirtingablaði, og er áriðandi, að þess sje gætt að setja hann vegna fyrirmælanna í 17. gr. hfl.

Tilgang fjelags skal greina stuttlega, t. d. verslun, bóksala, umboðsverslun, heildverslun, siglingar, sjávarútgerð o. s. frv.

118

27. des. verði um vilst.

Í 4. og 5. dálki skal greina stofnendur og stjórnendur o. fl. svo glögt, að ekki

Í 6. dálki er einungis sagt, hver eða hverir, einir eða að eins með öðrum, riti firmað. Sýnishorn undirskriftanna allra á að fylgja tilkynningu, en verður ekki tekið í skrána. Þar á móti skal birta eftirrit af sýnishorni þessu með auglýsingunni um fjelagið í Lögbirtingablaðinu.

Undirskriftarsýnishorn prókúrista er ekki heldur tekið í 7. dalk, en auglýsa skal það sem önnur undirskriftarsýnishorn.

Í 12. dálki greinir, hvort nokkrum hlutum fylgi sjerrjettindi og þá hver, t. d. að sumum hlutum fylgi rjettur til arðs framar öðrum (svo sem 5% forgangsrðhlutir), að sumum hlutum fylgir forgangsrjettur til að taka nýja hluti í fjelaginu, ef hlutafje verði aukið o. s. frv. Ber þá að greina, hvaða hlutum sjerrjettindin fylgi, t. d. nr. 1—10, öllum 500 króna hlutum o. s. frv.

Í 13. dálki er við það átt, ef einhverjum hlutum fylgir sú kvöð, að eigandi þeirra verði að sæta því, að aðrir leysi til sín hluti hans, t. d. stofnendur eða stjórn fjelagsins. Að öðru má vísa til aths. við 12. dalk.

Í 14. dálki segir um hömlur á meðferð hlutabryjefa, t. d. bann við framsali, veðsetningu eða öðrum eigandaskiftum, forkaupsrjettur stjórnar eða annara o. s. frv. Sbr. annars við aths. 12. dálks.

Í 17. dálki skal segja, hver útibúi stýri og geti að því leyti bundið firmað. Sýnishorn af undirskrift útibússtjóra skal fylgja tilkynningu, og skal auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, eins og önnur slík sýnishorn.

Í 18. dálki kemur sjerstaklega um umboð fyrir erlend fjelög. Þar skal fylgja sýnishorn undirskriftar þess eða þeirra, sem skuldbinda firmað hjer með undirskrift sinni. Og eru þau sýnishorn auglýst sem fyrr segir. Skráning þessara fjelaga fer eftir meðfylgjandi fyrirmynd. Sýnishorn af undirskriftum þeirra, sem erlendis rita firmað, þarf þó ekki að fylgja.

Í 19. dalk koma athugasemdir, sem ekki er sjerstakur dalkur ætlaður, en þykir þó ástæða til að taka í skrána, um það er beðið eða það er lögboðið, eins og skráning málsúrslita eftir hfl. 37. gr., tryggingarupphæð erlends fjelags samkvæmt hfl. 46. gr. 4. tölul.

Í 20. dálki skal lögreglustjóri draga saman efni hvernar tilkynningar, stutt, en glögt, og auglýsir hann það svo, ásamt undirskrifta-sýnishornunum, í Lögbirtingablaðinu.

Í 22. dálki segir stuttlega um aðalniðurstöðu fjelagsreikninganna ár hvert, svo sem eignir alls og skuldir alls, varasjóð, hreinan arð eða hreint tap um árið. En ekki skal það auglýsa nje gjald taka fyrir skráninguna.

9. gr.

Breytingar og viðauka (sbr. 6. gr.) skal skrá í viðeigandi dálka. Ef fjelag leggur niður tilkynnta atvinnu eða bætir við sig atvinnu eða starfsgrein, skal skrá það í 3. dalk. Stjórnarbreytingar, þar á meðal ef skilanevnd eða skiftarjettur tekur við meðferð fjelags, skal skrá í 5. dalk, og þar með geta þess, hvernig stjórn eða skilanevnd ritar firmað, í 6. dálki. Breyting á prókúru-umboði kemur í 7. dalk. Aukning hlutafjár kemur í 8. dalk. Ef þá koma t. d. forgangshlutir, kemur það í 12. dalk o. s. frv. Í 19. dalk koma breytingar eða viðaukar við það, sem þar hefir verið skráð. Í 20. dalk kemur efni hvernar tilkynningar, sem svo skal auglýsa, eins og fyrr segir. Félagsslita skal geta ofanmáls til vinstri handar og í 20. dalki og auglýsa þau í Lögbirtingablaði.

III. Sjerðkvæði um samvinnufjelög og samvinnusambönd.

10. gr.

Öll fjelög, sem teljast til samvinnufjelaga samkvæmt 1.—3. gr. laga um samvinnufjelög nr. 36., 27. júní 1921, svo og samvinnusambönd samkvæmt 28. gr. sömu laga, skulu tilkynna sig til skrásetningar.

Greint er milli:

1. Fjelaga, stofnaðra fyrir 15. júlí 1921. Skulu þau tilkynna sig innan mánaðar frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta samþykktum þess í það horf, sem lög um samvinnufjelög mæla. Um útibú fer eftir 4. gr.
2. Fjelaga, stofnaðra eftir 15. júlí 1921. Þau tilkynna sig til skrásetningar á mánaðar-fresti eftir að þau voru stofnuð (svfl. 11. sbr. 42. gr.).

118

27. des.

11. gr.

Samvinnufjelög og samvinnusambönd skal skrásetja samkvæmt sýnishorninu af Bdeild fjelagsskrárinnar. Um einstaka dálka athugast.

1.—3. dálkur svarar að öllu leyti til 1.—3. dálks í A-deild. Skrásetningin hefir hjer þá þýðingu meðal annars, að fyrr öðlast fjelagið ekki rjettindi með samningum á hendur öðr um mönnum. Auglýsingin hefir hjer að öllu sömu þýðingu sem um hlf. (svfl. 9. og 17. gr.).

4.—6. dálkur svara alveg til 5.—7. dálks í A-deild, og má vísa til 8. gr.

Í 7. dálki greinir, hvort fjelagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum fjelagsins eða ekki. Og ef samvinnusamband er, þá hvort hvert fjelag í sambandinu beri slíka ábyrgð á fjárreiðum sambandsins eða ekki (sbr. svfl. 3. gr. 2. tölul.).

Í 8. dálki er átt við inngöngueyri samkvæmt 7. gr. svfl. Ef fjelag greiðir inngöngueyri, þegar það gengur í samvinnusamband, þá skal þess geta hjer.

Í 9. dálki segir, hvort fjelag hafi innlánsdeild (sjá 26. gr. svfl.) eða með öðrum orðum, hvort fjelagið reki sparisjóðsstarfsemi eða þeirri starfsemi mjög skylda atvinnu.

Akvæði um árgjöld í varasjóð og aðra sjóði eru þýðingarmikil fyrir lánstraust fjelaganna og því er þeirra getið í 10. dálki (sbr. svfl. 24. og 25. gr.). Sömuleiðis, hvort fjelag reki verslun (11. dálkur) (sbr. svfl. 27. gr.).

12.—17. dálkur svara til 16., 17. og 19.—22. dálks og má vísa til athugasemdanna í 8. gr. Í 17. dálki kemur upphæð sjóða og innlánsfjár, auk annars.

IV. Niðurlagsákvæði.

12. gr.

Tilkynningu skal fylgja lögboðið gjald fyrir skráningu hennar (svfl. 11. gr. sbr. 41. gr., og hfl. 15. gr. sbr. 60. gr.). Auk þess getur lögreglustjóri krafist þess, að tilkynandi greiði eða setji tryggingu fyrir greiðslu auglýsingarkostnaðar, enda ábyrgist hann greiðslu þess kostnaðar gagnvart ríkissjóði.

Ef menn herma visir vitendur eða af stórfeldu gáleysi rangt frá í tilkynningum til fjelagaskrár eða vanrækja slíkar tilkynningar, þá varðar það refsingu, sektum eða fangelsi, nema þyngri refsins liggja við að öðrum lögum (svfl. 39. gr., hfl. 53.—55. gr.).

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um samvinnufjelög nr. 36, 27. júní 1921, 10. gr., og lögum um hlutafjelög, nr. 77 s. d., 11. gr.

Atvinnu- og samgöugumáladeild stjórnarráðsins, 27. des. 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.